


Garðabær

Lesmál

Sögu- og samræðustundir í leikskólum Garðabæjar



Anna Magnea Hreinsdóttir
5/28/2012

Nafn skóla:

Leikskólinn Akrar
Leikskólinn Bæjarból
Leikskólinn Hæðarból
Leikskólinn Kirkjuból
Leikskólinn Lundaból
Leikskólinn Sjáland

Nafn verkefnisins:

Lesmál

Nafn verkefnisstjóra:

Anna Magnea Hreinsdóttir leikskólafulltrúi Garðabæjar
Gréta Pálsdóttir talmeinafræðingur
Stella Hermannsdóttir talmeinafræðingur

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn

Markmið þessa verkefnis var annars vegar að þróa markvissar sögu- og samræðustundir í leikskólum Garðabæjar. Þeim er ætlað að stuðla að auknum hlustunar- og málskilningi barna, auka orðaforða þeirra, hugtakaskilning og tjáningu. Hins vegar var markmið verkefnisins að fræða foreldra leikskólabarna og styðja í hlutverki sínu í málörvun barna.

Samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011) á í leikskólum að skapa aðstæður svo að börn fái ríkuleg tækifæri til að kynnast tungumálinu og möguleikum þess. Fyrsta lestrarkennsla barna á sér stað þegar barn er tekið í fangið, bók opnuð og lesið er fyrir það. Lestur sagna og samræður í leikskóla er mikilvæg forsenda læsis svo og hlutverk foreldra í mál- og læsisþroska barna. Rannsóknir hafa sýnt fylgni milli orðaforða barna í leikskóla og einkunna í lestri í grunnskóla og því er mikilvægt að grípa snemma inn í. Einnig hafa rannsóknir sýnt mikinn einstaklingsmun á frásagnahæfni barna sem er mikilvægur hluti málþroska þeirra (Beck, Kucan og McKeown, 2002, 2008; Hrafnhildur Ragnarsdóttir, Steinunn Gestsdóttir og Freyja Birgisdóttir, 2009).

Aðdragandi verkefnis

Frá árinu 1997 hefur markvisst verið unnið að þjálfun málmeðvitundar og hljóðkerfisvitundar barna með hlustunar-, rím- og orðaleikjum ásamt hljóðgreiningu og tengingu í leik í leikskólum í Garðabæ (Helga Friðfinnsdóttir, Sigrún Löve og Þorbjörg Þóroddsdóttir, 2000). Auk þess er mikilvægt að efla orðaforða, frásagnahæfni og hlustunarskilning barna með markvissum hætti. Þessir þættir eru samofnir, en hlustunarskilningur er einn mikilvægasti hluti lestrar, það er að skilja það sem lesið er (Beck, Kucan og McKeown, 2002, 2008; Hrafnhildur Ragnarsdóttir, Steinunn Gestsdóttir og Freyja Birgisdóttir, 2009).

Árið 2006 var samþykkt sérstök lestrarstefna fyrir Garðabæ, en helstu áhersluatriði í lestrarstefnunni eru:

- Að upplýsa foreldra og uppalendur um mikilvægi lestrar. Að vekja athygli foreldra og uppallenda á hve þáttur þeirra í lestri barna er mikilvægur og hvetja þá til virkrar þátttöku.
- Að stuðla að því að ung börn fái sem mesta málörvun og hvatningu til tjáningar.
- Að skapa umhverfi sem vekur áhuga barna á lestri og gerir þau meðvituð um ritað mál.
- Að styðja kennara og annað fagfólk sem kemur að lestrarkennslu nemenda.
- Að hvert barn fái lestrarkennslu við hæfi frá upphafi skólagöngu.
- Að leggja áherslu á að lestrarframvinda hvers barns sé í samræmi við getu og þroska og börn njóti þess að lesa.
- Að nemendur verði ábyrgir og virkir þátttakendur í eigin námi.
- Að koma til móts við ólíkar þarfir barna með annað móðurmál en íslensku og barna sem dvalið hafa langtímum erlendis.
- Að koma til móts við þau börn og ungmenni sem glíma við lestrarörðugleika af einhverju tagi.
- Að börn og ungmenni í Garðabæ fái ætíð bestu þjónustu og fræðslu sem völ er á í tengslum við lestur.

(Garðabær, 2006)

Verkefnið féll því vel að því starfi sem þegar var unnið í leikskólum í Garðabæ. Áhugi var á því að gera sögustundir markvissar og vel undirbúnar þar sem bóklestur í sögustundum í leikskólum er talinn hafa jákvæð áhrif á málþroska, bernskulæsi og lestrarfærni. Þar er tungumálið í aðalhlutverki. En ekki sama hvernig lesið er. Samræður eru mikilvægur liður í sögustundum (Helga Sigurmundsdóttir, Ásthildur Snorradóttir, Bjartey Sigurðardóttir og Steinunn Torfadóttir, 2011). Börn þurfa að vera þátttakendur í hópi þar sem bæði er talað og hlustað. Því er mikilvægt að þjálfá kennara í sögulestri og samræðum og að gera aðgengi barna að bókum gott (Árdís Hrönn Jónsdóttir, 2008).

Sögu- og samræðustundir eiga að vera afslappaðar og þarf kennari að velja bók með markvissum hætti og kynna sér efni hennar vel. Hann þarf að gefa börnunum tíma til að skoða bókina og ræða um höfund hennar, myndskreytingu og útlit. Kennarinn þarf að gefa færi á spurningum og samræðum, fylgja textanum eftir á sýnilegan hátt, vekja athygli á bókstöfum, og lesa sömu sögu nokkrum sinnum. Einnig þarf hann að velja orð og hugtök úr texta til að kynna og útskýra fyrir börnum, jafnvel á leikrænan hátt og auka þannig orðaforða þeirra. Þjálfá þarf einbeitingu barna, næra skapandi hugsun þeirra, efla siðgæðisvitund og gera sögu- og samræðustund að þroskandi reynslu (Árdís Hrönn Jónsdóttir, 2008).

Hvað varðar hlutverk foreldra ungra barna í málörvun þeirra þá felst það fyrst og fremst í góðri fyrirmynd, samræðum og lestri. Börn sem hafa greiðan aðgang að fólki sem ræðir við þau, les fyrir þau og kennir þeim ný orð og hugtök eiga öllu jöfnu auðveldara með að ná tókum á lestri. Orðaforða læra börn ekki síst hjá foreldrum sínum og samræður og lestrastundir með fjölskyldunni leggja grunn að bernskulæsi (Beck, Kucan og McKeown, 2002, 2008; Hrafnhildur Ragnarsdóttir, Steinunn Gestsdóttir og Freyja Birgisdóttir, 2009).

Leikskólar í Garðabæ

Í Garðabæ eru níu leikskólar. Garðabær rekur sex leikskóla. Tveir leikskólar eru reknir samkvæmt þjónustusamningi við Garðabæ, annars vegar leikskólinn Ásar og eru Litlu Ásar deild út frá Ásum í húsnæði sem er í eigu Garðabæjar. Hins vegar er leikskólinn Sjáland sem rekinn er af Sjálandi ehf. Út frá honum er starfrækt leikskóladeild fyrir fimm ára börn í húsnæði Sjálandsskóla. Hjallastefnan rekur einnig leikskóladeild fyrir fimm ára börn í Barnaskóla Hjallastefnunnar að Vífilstöðum. Auk þessa er leikskólinn Kjarrið okkar, lítill einkaskóli starfræktur í Garðabæ. Öllum leikskólunum var boðin þátttaka í verkefninu.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

Hafin var innleiðing markvissra samverustunda í leikskólum Garðabæjar í janúar 2010 með því að dr. Hrafnhildur Ragnarsdóttir og Árdís Hrönn Jónsdóttir, leikskólakennari héldu fyrirlestra fyrir starfsmannahóp hvers leikskóla um orðaforða og orðaspjall. Helga Sigurmundsdóttir hélt einnig fyrirlestur um samræðulestur fyrir alla deildarstjóra leikskólanna. Þegar líða tók á verkefnið gerðu deildarstjórar leikskólanna skriflegar áætlanir um orðaforðakennslu í tengslum við bóklestur í sögustundum. Einnig voru samdar leiðbeiningar um góða lestrarstund í formi bókamerkis fyrir starfsfólk leikskóla.

Haldinn var opinn fræðslufundur fyrir foreldra leikskólabarna haustið 2011 (sjá fylgiskjal 1) um hlutverk foreldra í málþroska barna og tengsl hans við velgengi í lestrarnámi. Einnig var unnið að hugmyndabanka um samverustundir annars vegar fyrir leikskólakennara og hins vegar fyrir foreldra sem birtur var á rafrænan hátt á vef Garðabæjar og á heimasíðum leikskólanna (sjá <http://www.gardabaer.is/pages/3990>). Að lokum var saminn bæklingur fyrir foreldra með upplýsingum og leiðbeiningum um bóklestur og orðaforðakennslu (sjá fylgiskjal 2).

Unnið var að því að efla samvinnu leikskóla og bókasafns og tengja foreldra einnig við bókasafnið. Það var gert með því að senda bréf heim til allra barna sem verða tveggja ára á árinu þar sem þeim er boðið að koma í heimsókn á bókasafn Garðabæjar og að fá þar bókagjöf og bókasafnskort. Grunnskólar Garðabæjar hafa tekið þátt í verkefninu með því að skreyta taupoka í handmennt sem inniheldur bókagjöfina handa börnunum.

Bókasafnið bauðst einnig til að taka að sér að útbúa þematengda bókakassa fyrir leikskóla eftir pöntun, en leikskólakennarar geta pantað bækur um t.d. vatnið og sótt bókakassa í bókasafnið til útláns.

Vorið 2012 voru haldnir rýnihópafundir með deildarstjórum leikskólanna þar sem þróunarverkefnið var rætt og metið. Einnig var könnun lögð fyrir foreldra barna í leikskólum Garðabæjar um lestur þeirra fyrir börn sín heima.

Markvissar sögu og samræðustundir í leikskólum Garðabæjar

Varðandi fyrra markmiðið þá var starfsmannahópi hvers leikskóla kynntar eftirfarandi aðferðir á starfsmannafundum:

1. *Orðaspjall – aðferð (text talk)* sem setur lestur fyrir börn í brennidepil. Sú aðferð leggur áherslu á orðakennslu í tengslum við sögulestur. Hún er sérstaklega löguð að leikskólabörnum. Kennarinn velur með markvissum hætti bók til að lesa og velur síðan eitt til tvö orð eða hugtök úr bókinni til að kenna.
2. *Samræðu – lestur (Dialogic reading)* sem er lestur byggður á umræðum og skoðanaskiptum og er ein mest rannsökuð og best rökstudda kennsluaðferð sem notuð er til að undirbúa börn fyrir lestrarnám. Barnið lærir að vera sögumaðurinn en hinn fullorðni tekur að sér að vera virkur hlustandi, spyr spurninga, bætir við upplýsingum og ýtir undir að barnið lýsi myndum í bókinni. Rannsóknir sýna að samræðulestur eykur tjáningarfærni barna meira en þegar lesið er fyrir börn með aðstoð myndabóka.

Í þeim tilgangi fluttu Árdís Jónsdóttir, leikskólakennari og Helga Sigurmundsdóttir, grunnskólakennari fyrirlestra fyrir starfsfólk leikskólanna á starfsmannafundum um ofangreindar aðferðir. Fræðslan fólst í eftirfarandi atriðum:

Orðaforði

Farið var yfir skilgreiningu á orðaforða en orðaforði er sá fjöldi orða sem hver og einn skilur og getur notað við að hlusta, tala, lesa og skrifa. Öflun orðaforða fer fram með beinum hætti í kennslu og markvissri leit að merkingu, en einnig með óbeinum hætti við daglega reynslu, hlustun, samræður og lestur. Orðaforði er ein helsta forsenda lesskilnings. Börn þurfa að þróa með sér meðvitund um orð, sem felur í sér áhuga, forvitni og löngun til að skilja merkingu þeirra. Talið er að börn á leikskólaaldri læri aðallega orð annars vegar með beinni kennslu en þá er merking orða útskýrð fyrir börnum t.d. af foreldrum eða kennurum og hins vegar læra börn orð út frá samhengi lesefnis.

Til að byggja upp orðaforða barns með skilningi á merkingu orða þarf að nota ríkulegar leiðbeiningar um merkingu orðsins, en þær fela í sér að börn velja orðinu fyrir, sér prófa að nota það í ólíku samhengi og leika sér með það.

Starfsfólki leikskólanna var kennt að velja orð til að kenna á markvissan hátt en skipta má orðum er í þrjá flokka eða lög:

1. Orðaforði daglegs lífs (notuð í samræðum)
2. Orð sem eru flóknari en orðaforði daglegs lífs (helst að finna í rituðu máli)
3. Sjaldgæf orð og sérhæfð (til dæmis bylting)

Mikilvægt er að velja orð sem falla í annan flokk, orð sem börn læra ekki í daglegum samræðum. Þau eru að finna í öllum bókum sem skrifaðar eru fyrir leikskólabörn. Meta þarf hvaða orð eru í daglegum orðaforða viðkomandi barnahóps og hvaða orð eru við hæfi að

kynna þeim sem eru flóknari en orðaforði daglegs lífs og líklegt að geti komið börnum að gagni að kunna.

Til að orð verði hluti af orðaforða barns þarf eftirfarandi ferli að eiga sér stað:

- ✓ Orðið er kynnt
- ✓ Barnið segir orðið
- ✓ Barnið skilur orðið
- ✓ Barnið notar orðið

Talið er að orð sé ekki hluti af orðaforða barns fyrr en barnið er farið að nota það.

Orðaspjall

Aðferðin Orðaspjall setur lestur fyrir börn í brennidepil. Þegar aðferðin er notuð er áhersla lögð á orðakennslu í tengslum við sögulestur. Aðferðin hefur verið aðlöguð leikskólabörnum og gefið góða raun (Árdís Hrönn Jónsdóttir, 2008).

Aðferðin felur í sér eftirfarandi:

- ✓ Kennarinn velur bók til að lesa
- ✓ Velur eitt til tvö orð/hugtök úr bókinni til að kenna
- ✓ Orðin/hugtökin eru kennd eftir að búið er að lesa söguna

Að velja orð/hugtök til að kenna:

- Hversu almennt er orðið og mikið notað?
- Tengist það öðrum þáttum sem börnin þekkja eða hafa lært?
- Hvaða gildi hefur orðið fyrir textann eða aðstæður í sögunni?
- Hvaða hlutverki gegnir það í því samhengi sem það er notað?

Orðaspjall:

1. Sagan lesin
2. Orðið/hugtakið sett í samhengi við textann
3. Börnin segja orðið/hugtakið upphátt
4. Orðið/hugtakið er útskýrt á máli sem börnin skilja
5. Orðið/hugtakið er sett í annað samhengi
6. Börnin eru hvött til að nota orðið
7. Börnin látin segja orðið aftur til að styrkja hljóðmynd þess

Leikið með orð/hugtök:

- Nota leikræna tjáningu (t.d. sötra)
- Eru börnin búin að ná merkingu orðanna?
- Eru einhver skritin og skemmtileg orð í sögunni?
- Leikir með orð

Mikilvægt er að velja bók/sögu með markvissum hætti, það sama á við um orð/hugtök og um hvernig þau eru útskýrð. Þegar leikræn tjáning er notuð eða orð/hugtök kynnt á leikrænan hátt, þá muna börn betur eftir orðinu/hugtakinu og merkingu þess.

Einnig er mikilvægt að lesa daglega og nokkrum sinnum á dag, ræða söguna eftir á og fara jafnvel út fyrir söguþráðinn. Hvetja á börnin til að segja frá sögunni og ræða þau orð sem komu fyrir. Gott er að lesa söguna aftur og aftur. Samsetningu barnahópsins þarf að huga að og fjölda barna eftir því sem kostur er.

Samræðulestur

Önnur aðferð, samræðulestur var kynntur fyrir starfsfólki leikskólanna. Kynningin fólst í því að fræða starfsfólkið um að lestur myndabóka stuðlar að auknum orðaforða barna, hljóðþekkingu, merkingu ritmáls, uppbyggingu frásagnar og tungumáls, athygli, námsáhuga og fleira. Þróuð hefur verið aðferð til að lesa fyrir leikskólabörn sem nefnist samræðulestur. Oft þegar lesið er fyrir leikskólabörn les kennarinn og börnin hlusta. Í samræðulestri aðstoðar kennarinn börnin við að segja söguna. Kennarinn verður hlustandinn, sá sem spyr og áheyrandi barnsins.

Grundvöllur samræðulestursaðferðarinnar og hlutverk kennarans er því eftirfarandi:

- ✓ Kennarinn hvetur barnið til að segja eitthvað um bókina
- ✓ Kennarinn metur svar barnsins
- ✓ Kennarinn eykur við svar barnsins með því að umorða það og bætir við upplýsingum og
- ✓ endurtekur hvatninguna til að ganga úr skugga um að barnið hafi skilið aukninguna

Dæmi: Kennari og barn eru að skoða bók með mynd af slökkvibíl. Kennarinn segir: Hvað er þetta? (hvatningin) og bendir á slökkvibílinn. Barnið segir slökkvibíll og kennarinn fylgir því eftir með því að segja: Það er rétt (matið) þetta er rauður slökkvibíll (aukningin) getur þú sagt slökkvibíll (endurtekningin).

Að undanskildu fyrsta skipti sem viðkomandi bók er lesin ætti að nota þennan grundvöll á hverri blaðsíðu. Stundum er hægt að lesa það sem stendur í bókinni og hvetja barnið til að segja eitthvað. En oft ætti kennarinn að lesa minna og minna það sem stendur en leyfa barninu frekar að tala um bókina.

Til eru fimm tegundir hvatningar í samræðulestri:

1. Að ljúka við setningu. Kennarinn skilur eftir eyðu í lok setningar og fá börnin til að fylla í. Þessi aðferð er oft notuð í rímsögum. Að ljúka setningu kennir börnum uppbyggingu tungumálsins sem skilar sér í byrjendalæsi.
2. Að minnast. Hér er um að ræða spurningar um söguþráð bókarinnar, t.d. getur þú sagt mér hvað kom fyrir bláu lestina? Að minnast hjálpar börnum við að skila frásagnir og röð atburða og er hægt að styðjast við það að minnast í gengum allan söguþráðinn en ekki einungis í lok hans.

3. Opnar spurningar. Lögð er áhersla á myndir í bókinni til dæmis að þegar mynd sem barnið þekkir vel er skoðuð getur kennarinn sagt: segðu mér hvað er að gerast á þessari mynd? Opnar spurningar hvetja börn til að tjá sig frjálsglega og að koma auga á smáatriði.
4. Hv- hvati. Þá er spurningum sem hefjast á hv varpað fram svo sem hvað, hvar, hvenær, af hverju og hvernig. Spurt er út frá myndum bókarinnar t.d. hvað heitir þetta? og kennarinn bendir á ákveðin hlut. Hv- hvati eykur orðaforða barna.
5. Hvati í umhverfi eða reynslu barna. Kennari biður börn að finna hluti eða orð sem eru í bókinni í umhverfi þeirra eða reynslu. Sem dæmi ef lesin er bók um húsdýr getur kennarinn sagt: Manstu þegar við fórum í húsdýragarðinn, hvaða dýr sáum við þar? Hvati úr umhverfi eða reynslu barna hjálpar þeim að brúa bilið milli bóka og raunveruleika þeirra ásamt því að auka tjáningu þeirra, samræðufærni og frásagnarhæfni.

Allar barnabækur henta til samræðulesturs. Best eru þó myndabækur með litríkum myndum með smáatriðum til þess fallnar. Áhugi barna er það sem ræður för í samræðulestri. Samræðulestur eru samræður barna og kennara um bók eða sögu. Haldið samræðunum á léttum nótum og hafið gaman af.

Hlutverk foreldra

Hins vegar var ætlunin að auka hlut foreldra í lestri og samræðum við börn og fræða foreldra um mikilvægi hlutverks þeirra í málörvun barna. Foreldrar voru fræddir um málþroska barna og bernskulæsi og þeir hvattir til að lesa fyrir börn sín fyrir svefninn og ræða um lestrarefnið. Í kjölfarið var gefið út rafrænt fræðsluefni fyrir foreldra um málörvun. Einnig var gerð áætlun um reglulega fræðslu og hvatningu frá leikskóla til foreldra. Stefnt er að því að foreldrar leikskólabarna fái reglulega fræðslu- og ráðgjöf um málörvun og bernskulæsi og mikilvægi þess að vera börnum góð málfrirmynd. Einnig var orðaforðakennslan kynnt fyrir foreldrum að hausti sem hluti af starfi leikskólans.

Frávik miðað við áætlun verkefnisins:

Könnun var ekki lögð fyrir foreldra leikskóla barna fyrr en á síðasta ári verkefnisins eða í febrúar/mars árið 2012. Að öðru leyti stóðst verkið áætlun.

Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins:

Helstu annmarkar verkefnisins fólust í því að deildarstjórnarnir gáfu sér ekki alltaf tíma til að skrá samverustundirnar og að flokka orðin í lýsingarorð, nafnorð o.fl.

Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu:

- *Markvissar lestrar- og samverustundir*

Deildarstjórnunum fannst verkefnið helsta hafa skilað sér í markvissari lestrar- og samverustundum, bækur voru lesnar oftast en einu sinni og unnið með innihaldið í lengri tíma. Sem dæmi nefndu þeir að börnin teiknuðu myndir úr sögunni ræddu um innihaldið og tiltekin

orð eða hugtök sem komu fyrir í sögunni. Einnig voru orðin sem fjallað var um hengd upp í anddyri leikskólans svo að foreldrar barnanna gætu fylgst með hvaða orð börnin voru að fjalla um. Í lok vikunnar sendu deildarstjórar tölvupóst til foreldra um starf vikunnar og létu fylgja með þau orð sem fjallað var um. Deildarstjórunum fannst börnin nota orðin sem fjallað var um og sýna aukinn áhuga á bókum og komu oft með bók í leikskólann til að lesa. Á einum leikskóla var búið að útbúa möppu með samverustundum sem starfsfólk gat gengið að og fengið hugmyndir. Deildarstjórunum fannst þeir vera meðvitaðri um orðaforðakennslu og að kenna orð og merkingu þeirra á markvissan hátt. Þeim fannst verkefnið hafa verið einföld, skemmtileg og góð viðbót við það starf sem unnið er í leikskólunum.

Hvað varðar undirbúning samverustunda þá fannst deildastjórunum hann hafa breyst. Þeim fannst þeir nota leikræna tjáningu meira, brúður, loðtöflur, söguhatta, gleraugu og aðra fylgihluti meira og þeim fannst virkni barnanna hafa aukist. Töldu þeir það geta stafað af því að kennararnir urðu áhugasamari um samverustundirnar. Margir kennarar eru þó það vel þjálfaðir og hafa lesið bækur margsinnis svo að þeir þurfa ekki mikinn undirbúning. Það er þó gott fyrir leiðbeinendur og óvana starfsmenn að hafa möppu með hugmyndum að bókum og orðum/hugtökum og hvernig best sé að fjalla um bókina. Deildarstjórnarnir töldu sig einnig huga betur að samsetningu þess hóps sem lesið var fyrir, bæði hvað varðar fjölda barna og aldur.

Vinnubrögðin voru komin til að vera og sögustund með orðaforðakennslu haldinn að lágmarki einu sinni á dag í öllum leikskólunum. Deildarstjórnarnir kölluðu eftir sýnilegri áminningu um vinnubrögðin í formi veggspjalds eða bókamerkis. Einnig kölluðu þeir eftir reglulegri fræðslu um lifandi gagnvirkar sögustundir með orðaforðakennslu. Þeir sáu einnig tækifæri í því að tengja umfjöllun um tilfinningar, heimspeki, siðferði og dyggðir við sögustundirnar.

Þeim fannst hlutverk sitt sem góðar fyrirmyndir og áhugasamar vera ekki síður mikilvægt fyrir aðra starfsmenn bæði vana og óvana.

- ***Samvinna við bókasafnið***

Samkvæmt lestrarstefnu Garðabæjar gefur Bókasafn Garðabæjar öllum tveggja ára börnum bókagjöf í samvinnu við grunnskóla Garðabæjar sem skreyta bókapoka utanum gjöfina. Bókagjöfinni fylgir bókasafnskort. Þegar barn verður tveggja ára gamalt fær það boðsbréf frá bókasafninu um bókagjöfin og er hvatt til að koma í fylgd foreldra sinna og sækja gjöfina. Einnig hefur til langs tíma verið gott samstarf milli leikskóla í Garðabæ og bókasafnsins. Hefur starfsfólk leikskóla verið hvatt til að koma í heimsókn með barnahópa og þá hefur starfsfólk bókasafnsins lesið fyrir börnin. Einnig hefur bókasafnið boðist til þess að lána starfsfólki leikskóla bækur með þematengdu efni sem leikskólarnir eru að fást við á hverjum tíma. Að auki hefur komið fram sú hugmynd að leikskólarnir fái bókakassa frá bókasafninu til útláns fyrir foreldra sem staðsettir eru í anddyri leikskólanna.

Fram kom í rýnihópum með deildarstjórunum að þeir töldu sig ekki nota bókasafnið nægjanlega mikið, fóru sjaldan með börnin þangað. Þeim stendur til boða að panta samverustundir og einnig að fá lánaðar bækur eftir því efni sem verið er að fjalla um hverju sinni. Deildarstjórnarnir vörpuðu fram þeirri hugmynd hvort að bókasafnið ætti að halda

samverustundir um helgar með foreldrum með sýnikennslu í sögulestri og ráðgjöf fyrir foreldra um bókalestur. Einn leikskóli taldi sig reiðubúinn til að fá lánaðan bókakassa frá bókasafninu með barnabókum til útláns fyrir foreldra til að hafa í anddyri leikskólans.

Mat á verkefni samkvæmt umsókn

Í lok verkefnisins voru tekin rýnihópaviðtöl við deildarstjóra í hverjum leikskóla til að meta verkefnið. Á einum leikskóla tók leikskólastjórinn þátt í rýnihóp, á öðrum aðstoðarleikskólastjóri og á tveimur leikskólum sérkennslustjóri leikskólans. Spurt var um helsta ávinning verkefnisins, annmarka þess, hvaða breytingar þeir merktu á samverustundum, hlutverk foreldra í orðaforðakennslu barna og hlutverk bókasafnsins í Garðabæ í starfsemi leikskólanna.

Könnun var lögð fyrir foreldra barna á leikskólum Garðabæjar um lesvenjur þeirra. Spurt var hvort að lesið var fyrir leikskólabarnið, hver las, hvenær, hversu oft í viku og hversu lengi í einu. Niðurstöður könnunarinnar leiddu í ljós að lesið var fyrir öll börnin utan eitt. Oftast var það móðir eða faðir barnsins sem las, en stundum systkin, amma og afi. Lesið var seinnipart dags eða fyrir svefninn. Rúmlega þriðjungur foreldra las á hverjum degi, þriðjungur las fjórum til fimm sinnum í viku, þriðjungur tvisvar til fjórum sinnum í viku og um 10% sjaldnar en tvisvar í viku. Flestir lásu í 15 – 30 mínútur, en það fór eftir því hversu löng bókin var og hvert innihald hennar var.

Niðurstöður verkefnisins:

1. Tillögur að sögu og samræðustundum fyrir starfsfólk leikskóla

Í kjölfar fræðslunnar tóku deildarstjórar leikskólanna að sér að semja tillögur að sögu og samræðustundum í leikskólum. Tillögurnar lutu að aldri og fjölda barna í hóp, hvaða bók eða saga var lesinn, hvaða orð eða hugtök voru valin til kennslu og hvernig orðin eða hugtökin voru kynnt fyrir börnunum (sjá <http://www.gardabaer.is/pages/3994>). Sumar tillögurnar innihéldu einnig tákni fyrir viðkomandi orð/hugtök. Tillögurnar mynda gagnabanka sem starfsfólk leikskóla hefur aðgang að og gefur þeim hugmyndir að markvissri orðaforðakennslu.

2. Tillögur að sögu og samræðustundum fyrir foreldra

Einnig tóku deildarstjórar leikskólanna að sér að semja tillögur að sögu og samræðustundum fyrir foreldra leikskólabarna (sjá <http://www.gardabaer.is/Skolar/Lesmal/Hlutverk-foreldra>).

Tillögurnar fólu í sér hugmyndir að bók sem hæfir ákveðnum aldri barna, hugmynd að bók eða sögu til að lesa, orð eða hugtök til að kenna og tillögur um hvernig orðin eða hugtökin eru kynnt. Með tillögunum er foreldrum gerð grein fyrir mikilvægi hlutverk síns í orðaforðakennslu barna og hvernig hún getur farið fram heima hjá barninu.

3. Bókamerki



Til að minna starfsfólk á að huga að markvissum undirbúningi sögustunda var bókamerki hannað í samstarfi við talmeinafræðingana Grétu Pálsdóttir og Stellu Hermannsdóttir með leiðbeiningum að góðri sögustund og mikilvægi bóklesturs í leikskólum. Eftirfarandi upplýsingar koma fram á bókamerkinu (sjá einnig fylgiskjal 3):

Viltu lesa fyrir mig?


Góð lestrar- og sögustund felst í því að:

- ✓ velja bók til að lesa sem hæfir aldri barnsins
- ✓ velja eitt eða fleiri orð/hugtök úr bókinni til að fjalla um
- ✓ ræða um orðin/hugtökin við barnið á lifandi og leikrænan hátt

Ég skal lesa fyrir þig!

Í leikskólum:

- Lesum við daglega sögur og ræðum um það sem lesið er
- Spyrjum við spurninga um efnið sem lesið er
- Syngjum við með börnum og kennum þeim vísur og þulur
- Sýnum við gott fordæmi með því að umgangast bækur og vanda málfar



4. Leiðbeiningabæklingur fyrir foreldra

Deildarstjórar leikskólanna kölluðu eftir bæklingi til að rétta foreldrum í foreldraviðtölum með upplýsingum og leiðbeiningum um lestur og orðaforðakennslu því þeim fannst foreldrar óöruggir með hvernig á að lesa og hversu mikilvægt það er. Slíkar upplýsingar gætu aukið virkni þeirra. Sömdu talmeinafræðingarnir Gréta Pálsdóttir og Stella Hermannsdóttir bækling sem foreldrar fá í hendur á haustin. Eftirfarandi upplýsingar koma fram í bæklingnum (sjá einnig fylgiskjal 2):

Hlutverk foreldra

Hlutverk foreldra ungra barna í málörvun þeirra felst í góðri fyrirmynd, samræðum og lestri. Börn sem hafa greiðan aðgang að fólki sem ræðir við þau, les fyrir þau og kennir þeim ný orð og hugtök eiga að öllu jöfnu auðveldara með að ná tökum á lestri. Orðaforða læra börn ekki síst hjá foreldrum sínum og samræður og lestrarstundir með fjölskyldunni leggja grunn að bernskulæsi.

Bóklestur hefur jákvæð áhrif á málþroska, bernskulæsi og lestrarfærni. Þar er tungumálið í aðalhlutverki. En ekki sama hvernig lesið er. Samræður eru mikilvægur liður í sögustundum. Börn eiga að fá að vera virkir þátttakendur í lestrarstundum með foreldrum sínum og fá tækifæri til að tala og hlusta.

Lestrarstund er gæðastund

Þegar lesið er fyrir börn
öðlast þau aukinn skilning og orðaforða.

Hvað gerum við?

Við lesum fyrir barnið á hverjum degi frá unga aldri.
Við lesum fjölbreytt úrval bóka.
Við notum fjölbreyttar aðferðir til að vekja áhuga barnsins á því sem lesið er.
Við tölum við barnið og
útskýrum merkingu orða.
Við vekjum athygli á skrifuðum orðum, bókstöfum og hljóðum.
Við hlustum á barnið og hvetjum það til að spyrja.
Við höfum bækur aðgengilegar heima.

Hvernig gerum við?

Við gefum barninu tækifæri til að vera virkur þátttakandi í lestrinum með því að spyrja og endurtaka söguþráðinn.
Við lesum uppáhaldsbækur oft.
Við leikum okkur með orð, rímum og ræðum innihald bóka.

Dæmi um orðaleiki

Við notum látbragð til að túlka orð.
Við tölum um orð sem eru eins en hafa mismunandi merkingu, svo sem laufblað—
dagblað.
Við finnum og bendum á stystu eða lengstu orðin.

Höfum í huga

Aldur barnsins og áhugasvið.
Því meira sem lesið er fyrir barnið, þeim mun meiri er skilningur þess og orðaforði.

Heimsækið bókasafnið

Á Bókasafni Garðabæjar er gott úrval bóka fyrir börn á öllum aldri.
Þar má einnig fá hugmyndir um hvernig nota má bækur á skapandi hátt með barninu.

Hugmyndir að sögustundum er að finna á vef Garðabæjar:
www.gardabaer.is/skolar/lesmal/hlutverk-foreldra

Lestur myndabóka stuðlar að auknum orðaforða barna, athyglinámsáhuga og fleiru.
Hann styður einnig við skilning á merkingu ritmáls og uppbyggingu frásagnar og tungumáls. Því er mikilvægt að lesa reglulega fyrir börn. Rannsóknir sýna að börnum sem lesið er fyrir einu sinni á dag eða oftast gengur betur í námi en þeim börnum sem lesið er fyrir sjaldnar en einu sinni á dag.

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum:

Áætlað er að skrifa grein í Skólavörðuna og kynna verkefnið á ráðstefnu Sprotasjóðs í nóvember 2012.

Lokaorð

Verkefnið Lesmál hefur stuðlað að vitundarvakningu meðal starfsfólks leikskóla og foreldra leikskólabarna um mikilvægi markvissrar orðaforðakennslu og að skipulega sé staðið að

lestrar- og samverustundum í leikskólum. Fyrir vikið hafa vinnubrögð í leikskólunum orðið markvissari og það sama má segja um fræðslu starfsfólks til foreldra um hlutverk þeirra í málrækt barna sinna. Þróunarverkefnið hefur fest sig í sessi á þeim þremur árum sem það hefur staðið yfir og orðið hluti af daglegu starfi þeirra leikskóla sem tóku þátt.

Garðabæ, 28. maí 2012

Anna M. Hreinsdóttir

Anna Magnea Hreinsdóttir leikskólafulltrúi

Gréta E. Pálsdóttir

Gréta Pálsdóttir talmeinafræðingur

Stella Hermannsdóttir

Stella Hermannsdóttir talmeinafræðingur

Kristín Sigurbergisdóttir

Sigrún Sigurðardóttir leikskólastjóri Akra

Sigrún Sigurðardóttir

Kristín Sigurbergisdóttir leikskólastjóri Bæjarbóls

Ingibjörg Gunnarsdóttir

Ingibjörg Gunnarsdóttir leikskólastjóri Hæðarbóls

Marta Sigurðardóttir

Marta Sigurðardóttir leikskólastjóri Kirkjubóls

Katrín S. Einarsson

Katrín S. Einarsson leikskólastjóri Lundabóls

Helga Kristjánsdóttir

Helga Kristjánsdóttir leikskólastjóri Sunnhvols

Heimildaskrá

Árdís Hrönn Jónsdóttir. (2008). „*Bók í hönd og þér halda engin bönd*“: að efla mál- og læsisþroska leikskólubarna með lestri bóka. Óbirt mastersritgerð: Háskóli Íslands.

Beck, Kucan og McKeown. (2002). *Bringing words to life*. New York: The Guilford Press.

Beck, Kucan og McKeown. (2008). *Creating robust vocabulary*. New York: The Guilford Press.

Garðabær. (2011). *Lesmál*. Sótt 21. maí 2012 af <http://www.gardabaer.is/Skolar/Lesmal>

Garðabær. (2006). *Lestrarstefna Garðabæjar*. Sótt 21. maí 2012 af <http://www.gardabaer.is/Skolar/lestrarstefna-gardabaejar>

Helga Sigurmundsdóttir, Ásthildur Snorradóttir, Bjarney Sigurðardóttir og Steinunn Torfadóttir. (2011). *Leið til læsis: stuðningskerfi í lestrarkennslu*. Ráðstefnurit Netlu: Menntakvika 2010.

Helga Friðfinnsdóttir, Sigrún Löve og Þorbjörg Þóroddsdóttir. (2000). *Markviss málörvun: þjálfun hljóðkerfisvitundar*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Hrafnhildur Ragnarsdóttir, Steinunn Gestsdóttir og Freyja Birgisdóttir. (2009). *Málþroski, sjálfsstjórn og læsi fjögurra og sex ára íslenskra barna: kynning á nýrri rannsókn og fyrstu niðurstöður*. Rannsóknir í félagsvísindum X. Reykjavík: Háskóli Íslands.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2011). *Aðalnámskrá leikskóla*. Reykjavík: Höfundur.



Málproski leikskólabarna og tengsl hans við velgengni í lestrarnámi.

Hvert er hlutverk foreldra?

miðvikudaginn 10. nóvember
kl. 20 – 21
Í sal Flataskóla
Fyrirlestur fyrir
foreldra leikskólabarna

Hrafnhildur Ragnarsdóttir, prófessor við Háskóla Íslands og Árdís Hrönn Jónsdóttir, leikskólakennari fjalla um mikilvægi leikskólaáranna í málproska barna og hvaða hlutverk foreldrar gegna í velgengni barna í lestrarnámi.

Bóklestur

Bóklestur hefur jákvæð áhrif á málþroska, bernskulæsi og lestrarfærni. Þar er tungumálið í aðalhlutverki. En ekki sama hvernig lesið er. Samræður eru mikilvægur liður í sögustundum. Börn eiga að fá að vera virkir þátttakendur í lestrarstundum með foreldrum sínum og fá tækifæri til að tala og hlusta.

Hlutverk foreldra

Hlutverk foreldra ungra barna í málörvun þeirra felst í góðri fyrirmynd, samræðum og lestri. Börn sem hafa greiðan aðgang að fólki sem ræðir við þau, les fyrir þau og kennir þeim ný orð og hugtök eiga að öllu jöfnu auðveldara með að ná tökum á lestri. Orðaforða læra börn ekki síst hjá foreldrum sínum og samræður og lestrarstundir með fjölskyldunni leggja grunn að bernskulæsi.

Góð lestrar- og sögustund felst í því að:


- velja bók til að lesa sem hæfir aldri barnsins
- velja eitt eða fleiri orð eða hugtök úr bókinni til að fjalla um
- ræða um orðin eða hugtökin við barnið á lifandi og eikrænan hátt.

Í leikskólanum:


- lesum við daglega sögur og ræðum um það sem lesið er
- spyrjum við spurninga um efnið sem lesið er
- syngjum við með börnum og kennum þeim vísur og þulur
- sýnum við gott fordæmi með því að umgangast bækur og vanda málfar.



GARÐABÆR




Ég skal lesa fyrir þig!
Leiðbeiningar fyrir foreldra



Unbent aðalstílgarðabærs

Í leikskólanum í Garðabæ

Í leikskólanum í Garðabæ



Lestrarstund er gæðastund

Þegar lesið er fyrir börn öðlast þau aukinn skilning og orðaforða.

Hvað gerum við?

- Lesum fyrir barnið á hverjum degi frá unga aldri.
- Lesum fjölbreytt úrval bóka.
- Notum fjölbreyttar aðferðir til að vekja áhuga barnsins á því sem lesið er.
- Tölum við barnið og útskýrum merkingu orða.
- Vekjum athygli á skrifuðum orðum, bókstöfum og hljóðum.
- Hlustum á barnið og hvetjum það til að spyrja.
- Höfum bækur aðgengilegar heima.

Hvernig gerum við?

- Gefum barninu tækifæri til að vera virkur þátttakandi í lestrinum með því að spyrja og endurtaka söguþráðinn.
- Lesum uppáhaldsbækur oft.
- Leikum okkur með orð, rímum og ræðum innihald bóka.

Sögustund og orðaleikir

Dæmi um orðaleiki

- Við notum látragð til að túlka orð.
- Við tölum um orð sem eru eins en hafa mismunandi merkingu, svo sem laufblað / dagblað.
- Við finnum og bendum á stystu eða lengstu orðin.

Höfum í huga

Aldur barnsins og áhugasvið.
Því meira sem lesið er fyrir barnið, þeim mun meiri er skilningur þess og orðaforði.

Heimsækið bókasafnið

Á Bókasafni Garðabæjar er gott úrval bóka fyrir börn á öllum aldri.
Þar má einnig fá hugmyndir um hvernig nota má bækur á skapandi hátt með barninu.

Hugmyndir að sögustundum er að finna á vef Garðabæjar:

gardabaer.is/skolar/lesmal/hlutverk-foreldra



Viltu lesa fyrir mig?

Lestur myndabóka


Lestur myndabóka stuðlar að auknum orðaforða barna, athygli, námsáhuga og fleiru. Hann styður einnig við skilning á merkingu ritmáls og uppbyggingu frásagnar og tungumáls. Því er mikilvægt að lesa reglulega fyrir börn. Rannsóknir sýna að börnum sem lesið er fyrir einu sinni á dag eða oftar gengur betur í námi en þeim börnum sem lesið er fyrir sjaldnar en einu sinni á dag.



Þú skal lesa fyrir þig!

leikskólanum:

- lesum við daglega sögur og ræðum um það sem lesið er
- spyrjum við spurninga um efnið sem lesið er
- syngjum við með börnunum og kennum þeim vísur og þulur
- sýnum við gott fordæmi með því að umgangast bækur og vanda málfar



Viltu lesa fyrir mig?

Góð lestrar- og sögustund felst í því að:

- velja bók til að lesa sem hæfir aldri barnsins
- velja eitt eða fleiri orð eða hugtök úr bókinni til að fjalla um
- ræða um orðin eða hugtökin við barnið á lífandi og leikrænan hátt

